

Reykjavík 27. maí 2015

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um þátttöku í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi. Þingskjal 1238 – 728. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um að stórefla þátttöku Íslands í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi, með endurgjaldslausu útláni á varðskipi til björgunaraðgerða og með áætlun um móttöku flóttamanna af svæðinu. Barnaheill hvetja til þess að tillaga þessi verði samþykkt og að Ísland komi ríkulega að björgunaraðgerðunum.

Barnaheill taka undir þau sjónarmið að ákjósanlegra er að aðstoðin verði veitt hjálparsamtökum sem starfa við björgun á svæðinu, frekar en strandgæslu ríkisins sem hefur aðrar aðaláherslur en leit og björgun, og að áhersla verði lögð á mannúðlega nálgun og ekki síst barnvæna. Barnaheill vilja nota þetta tækifæri til að brýna fyrir öllum þeim sem koma að björgunaraðgerðum í Miðjarðarhafinu að börn eiga sjálfstæð mannréttindi samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sér í lagi samkvæmt 22. gr., sem mikilvægt er að virða og tryggja börnum þeim sem berast með flóttamannastraumnum frá Afríku. Þau eiga ekki einungis réttindi sem flóttamenn heldur ekki síður og einnig sem börn. Þau eiga rétt á sérstakri vernd og þeim ber að tryggja eins fljótt og kostur er öruggt skjól til að mega lifa og þroskast, gott og heilnæmt umhverfi, fæðu og ekki síst menntun. Á þetta við um börn sem ferðast með öðrum jafnt sem þeim sem eru án fylgdar. Sérstaklega skal hlúð að þeim börnum sem eru án fylgdar en jafnframt skal styðja við barnafjölskyldur og stuðla að áframhaldandi samveru fjölskyldunnar.

Systursamtök Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Save the Children á Ítalíu vinna gríðarlega mikilvægt starf við móttöku barna sem flýja til Evrópu frá Afríku yfir Miðjarðarhafið. Samkvæmt nýlegum gögnum frá þeim sem styðja við það sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögu þessari, er áætlað að um 25000 flóttamenn hafi komið að ströndum Ítalíu á þessu ári fram til 26. apríl. Þar af eru 2219 börn og af þeim 1505 börn án fylgdar, þ.e. sem hafa flúið og ferðast ein. Á árinu 2014 hafa um 170.000 flóttamenn komið þessa leið til Ítalíu, þar af 26122 börn. Helmingur þeirra var án fylgdar. Það er því ekki

ofsögum sagt að ástandið á Miðjarðarhafinu er grafalvarlegt. Yfir 3000 flóttamenn eru sagðir hafa látist á leið yfir Miðjarðarhafið árið 2014.

Barnaheill taka undir tillögu um að mótuð verði áætlun um móttöku flóttamanna frá stríðshrjádum ríkjum í kringum Miðjarðarhafið og höfða til siðferðislegrar ábyrgðar ríkisins við að taka myndarlega þátt í stuðningi við flóttafólk frá þessu svæði. Jafnframt vísa Barnaheill til mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðalaga um mannréttindi og um aðstoð við þróunarríki og flóttafólk.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja þingmenn til að styðja þingsályktunartillögu um þátttöku í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi sem allra fyrst, svo stuðningur og þátttaka Íslands í starfinu geti haldið áfram.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi
Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri